



Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa - Brjánslækjarhöfn

Almennar upplýsingar um höfnina.

Stjórnsýsluupplýsingar

Útgefið: júlí 2024
Höfn: Brjánslækjarhöfn
Hafnarstarfsemi: Blönduð hafnarstarfsemi
Heimilisfang: Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Tengiliður: Hafnarstjóri
Sími: 450-2312
GSM: 849-7909
Tölvupóstur: elfar@vesturbyggd.is

Tengiliður: Hafnarvörður
Sími: 456-2049
GSM: 861-7743
Tölvupóstur: Patrekshofn@vesturbyggd.is

Tilgangurinn með gerð áætlunargerðarinnar

Tilgangurinn með áætlun hafna Vesturbyggða er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Umfang starfsemi hafnarinnar

Um er að ræða annars vegar flotbryggju fyrir smábáta og hins vegar ferjubryggju sem einnig er notuð fyrir landanir.

Móttökubúnaður úrgangs á höfninni

A. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni.

Tafla 1 sýnir fjölda þeirra skipa og tegundir, sem notuðu hafnaraðstöður hafnarinnar á árinu 2020.

Tegund skipa	Fjöldi notenda 2020
Smábátar	9
Stór fiskiskip	0



Flutningaskip	1*
Afpreyingar skip	0
Önnur skip	0

*Farþegaflutningaferjan Baldur með undanþágu frá SSN tilkynningum.

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir þá móttökuflokka og magn hvers flokks sem tekið er á móti hjá höfninni.

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magna
Almennur úrgangur (Óflokkaður úrgangur, heimilis- og lífrænn úrgangur)	Sorptunna 240 lítra staðsett á höfninni.	Sorptunna 240 lítra staðsett á höfninni.	~250 kg.
Endurvinnanlegur úrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	Fyrir sveitarfélagið
Veiðarfæraúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	0
Brotajárni	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	Ekki mælt þar sem móttaka er gjaldfrí
Spilliefni – olíusíur og rafgeymar	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	Ekki mælt þar sem móttaka er gjaldfrí
Fljótandi olíuúrgangur	Oliutankur 200 lítra	Oliutankur 200 lítra	~ 400 lítrar
Fljótandi skólpúrgangur	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	0
Annar úrgangur	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	0

Skip eru rukkuð um sorpeyðingargjöld með hafnargjöldum. Ekki er um neina formeðferð úrgangs og farmleifa að ræða.

Endurvinnanlegur úrgangur:

Ekki er tekið á móti endurvinnanlegum úrgangi.

Spilliefni:

Úrgangsolía er sett í sérstaka 200 lítra tunnu, olíusíur skilast í sérstakt kar þegar búið er að hella út þeim olíuna, rafgeymar er skilað í annað kar.

Annar úrgangur:

Annar úrgangur fer í almennt sorp, 240 lítra kar á höfninni.

Kubbur sér um að tæma þessi kör reglulega og einnig eftir ósk hafnarvarða þar um ef þau fyllast áður en regluleg tæming fer fram. Kubbur heldur utan um það magn sem tekið er og skilar inn magntölum einu sinni á ári eða eftir óskum Vesturbyggðar. Þetta á við um almennt rusl svo og spilliefni önnur er úrgangsolíu.

Olíudreifing sér um að tæma úrgangsolíutank eftir beiðnum frá hafnarverði. Olíudreifing mælir það magn sem sótt er hverju sinni og sendir tölur til Vesturbyggðar.

B. Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs.

Þegar sorpgámum var valin staðsetning var tekið tillit til aðgengis að þeim og skipaumferðar við hafnarkant. Skip og bátar geta losað sig við sorp í sorpílát hafnarinnar. Ef um mikið magn er að ræða er farin sér ferð með úrgang á sorpmóttökustað sveitarfélagsins, er það ýmist



gert af hálfu hafnarstarfsmanna eða að kallaður er til vörubíll til að flytja úrganginn frá skipinu.

Fjöldi og tegund íláta fyrir úrgang á höfninni.

Flotbryggjur


- 1 gámur 240 lítra (sorptunna) fyrir almennan úrgang
- 1 tankur 200 lítra fyrir úrgangsolíu

Móttökubúnaðurinn er staðsettur á steyptri þekju í að hámarki 50 metra fjarlægð frá bryggjukanti.

Gámarnir, körin og tankarnir eru skýrt merkt til að ljóst sé hvar móttaka úrgangs sé og skýrt sé hvaða tegund úrgangs sé tekið á mót og hverju ekki. Ef ekki er móttökuílát fyrir þann úrgang sem þarf að losna við skal haft samband við starfsmann hafnarinnar.

Úrgangsmóttakan er nærri ljósi til að tryggja örugga móttöku úrgangs allan sólarhringinn, allan ársins hring.

Um tæmingu sorpíláta hefur Kubbur séð um eftir þörfum og í samráði við starfsmenn hafnarinnar. Olíudreifing sér um tæmingu úrgangsolíutanka



Mynd 1



C. Móttaka skólps.

Tekið er á móti skólpi frá skipum sé þess óskað, en í þeim tilvikum er kallaður til þjónustuaðili sem hefur yfir að ráða dælubílum til slíkrar þjónustu.

D. Kostnaður við móttöku úrgangs

Um kostnað fer skv. gjaldskrá hafnarsjóðs Vesturbyggðar hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu sveitarfélagsins sem og í fylgiskjali

Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila enn hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

E. Upplýsingar til notenda

Eins og fjallað er um í lið B hér á undan, eru notaðar greinagóðar merkingar á ílát til móttöku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Á hafnarvog má fá upplýsingar í formi einblöðungs, um móttöku úrgangs og meðferð á höfninni og hafnarsvæðum Vesturbyggðar.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið elfar@vesturbyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

F. SSN (Sea Safe Net) tilkynningar yfirfarnar

Höfnin tekur ekki við SSN tilkynningum.

Samráð

Við gerð áætlunarinnar var unnið út frá reynslu undangenginna ára hvað varðar móttöku og meðhöndlun úrgangs og þess samstarfs sem verið hefur við skipstjóra útgerðar- og umboðaðila skipa og aðra notendur hafnanna um móttöku úrgangs. Einnig var haft samband við þjónustuaðila sem starfar við þjónustu skipa á höfninni og útgerðaraðila sem nýtir höfnina nokkuð reglulega. Notendur hafnarinnar eru flestir frá Patreksfirði og Brjánslæk en einnig koma smábátar frá hinum ýmsu stöðum á landinu, Treyst



verður á að þessir aðilar komi með ábendingar um hvað betur má fara þegar þjónusta er veitt til að hægt sé að bregðast við því eftir því sem þörf er á.

Úrvinnsla og ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og skráningu móttækis úrgangs er í höndum hafnarstjóra.

Aðstaða fyrir móttöku á úrgangi í höfninni hefur verið sett upp til að vera fullnægjandi fyrir notkun hafnarinnar hverju sinni og byggist mat á þörfinni á reynslu undangenginna ára. Einnig er brugðist við með auknu framboði af ílátum ef aukið magn berst eða með því að útvega ílát ef tilfallandi úrgangsflokkar berast.

Megin uppstaða úrgangs er óflokkaður almennur úrgangur af skipum og bátum. Kubbur er og hefur verið með samning við sveitarfélagið Vesturbyggð um sorphirðu og þjónustar þau ker sem eru á hafnarsvæðinu og kemur úrgangi í viðeigandi farveg og heldur utan um magn úrgangs sem fer í gegnum þjónustu hafnanna. Kubbur flokkar magn úrgangs eftir tegund sem og fjölda losana og stendur skil á tölulegum upplýsingum a.m.k. einu sinni á ári eða eftir þörfum.

Endurskoðun

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku úrgangs og farmleifaskal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næst árið 2026. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

Lög og reglugerðir

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun útgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur)

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.



Upplýsingar vegna losunar úrgangs

Tilgangurinn með áætlun Vesturbyggðar er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Óski skip eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við starfsmann hafnarinnar og tilkynna um losun.

Brjánslækjarhöfn

+354-861-7743

Þetta á einnig við þegar skip og bátar losa úrgang í þar til gerð sorpílát sem staðsett eru á viðkomandi hafnarsvæði. Tilkynna skal hafnarstarfsmanni um losunina, magn og tegund úrgangs.

Allur úrgangur skal vera flokkaður og umbúðir merktar viðkomandi úrgangsflokki þannig að ekki fari á milli mála um hvers konar úrgang er að ræða.

Allur úrgangur sem settur er í land skal skráður og fær skip afrit af móttökukvittun frá höfninni.

Um kostnað fer skv. gjaldskrá Vesturbyggðar hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu sveitarfélagsins sem og í fylgiskjali.

Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila enn hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

Þjónustuaðili:

Kubbur ehf [-kubbur@kubbur.is](mailto:kubbur@kubbur.is), s. 456-4166

www.kubbur.is

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna eða beint til hafnarstjóra Vesturbyggða. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjórnar Vesturbyggðar

Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.

Hafnarverðir



EYÐUBLAÐ FYRIR MÓTTÖKU ÚRGANGS

Skip: _____

Skr.nr. Skips _____

Dags. _____

LÝSING¹

Magn	Þyngd	Teg. úrgangs	

ÁSTÆÐA LOSUNAR²

UPPLÝSINGAR UM UMBODSAÐILA SKIPS

Nafn:	Sími:	Skipstjóri/yfirmaður skips
Heimili:	Fax:	
Staður:	email:	
Land:	Tengiliður:	

Hafnarsjóður Vesturbyggðar
Aðalstræti 75
450 Patrekafjörður

Undirskrift móttökuaðila: _____

¹ Allir úrgangsflokkar skulu listaðir upp í kaflanum "LÝSING" eða skráningalisti festur við skjalið.

Pökkunarlisti skal alltaf festur bæði innan og utan á kassa/ílát/pakka

¹ Eitt eintak af skjali þessu til skips / eitt eintak til hafnarinnar

**WASTE FORM****Vessel** _____ **IMO no.** __________ **Date** _____**DESCRIPTION¹**

QTY	WEIGHT	ITEM	

REASON FOR LANDING²

AGENT DETAILS**Name:****Tel:****Adress:****Fax:****City:****email:****Country:****Contakt:**Master / CE
ship

Hafnarsjóður Vesturbyggðar

Aðalstræti 75

450 Patreksfjörður

Signature: _____¹ All items shall be listed under "DESCRIPTION" or an inventory list is to be attached to this form² One copy vessel / one copy port